

Örnefnasögur

Gíslavarða

Skammt fyrir austan Staðarberg í Grindavík er sker eitt hér um bil landfast sem heitir Ræningjasker. Nafnið á það að hafa fengið af því að á 17. öld kom ræningjaskip að landi í Grindavík og lentu ræningjar á skerinu og gengu þaðan á land. Þá var prestur á Stað er Gísli var nefndur og var talinn fjölkunnugur. Þá er byggðarmenn urðu varir við ferð ræningjanna fóru þeir sem skjótast á fund prests og sögðu honum tíðindin. Brá prestur skjótt við og fór á móti ræningjunum og stökkti þeim á flóttu, þó sagan segi ekki með hverjum hætti. Hlóð hann síðan vörðu til minja um þennan atburð spölkorn fyrir ofan prestsetrið og lét svo um mælt að meðan nokkur steinn væri óhruninn í vörðunni skyldi ræningjar ekki granda Grindavík. Varðan stendur enn í dag, ófalin að mestu og nefnis Gíslavarða.

Festarfjall

Austarlega í Grindavík hér um bil miðja vegur til bæjanna Hrauns og Ísólfskála er þverhnipt fell fram við sjóinn sem heitir Festarfjall. Neðan undir felli þessu er 30-40 faðma hátt blágrýtisstandberg og sandströnd sem nefnist Ægissandur þar fyrir neðan, en þar má ganga þurrum fótum með lágum sjó. Frá Hrauni blasir við í miðju berginu grá rák sem gengur þrábeint upp í gegnum bergið og nefnist Festin. Sagan segir að rák þessi sé silfurfesti sem tröllkona ein hafi einhvern tíma í fyrndinni hengt fram af berginu með ummælum, að þá er dóttir bóndas á Hrauni, sú sem bæri nafn hennar gengi þar neðan undir þá skyldi festin detta niður og verða eign stúlkunnar. Því miður lét tröllkonan ekki nafns síns getið svo að ekki hefur verið auðvelt að láta heita eftir henni, enda hangir festin óhreyfð enn í dag.

Silfurgjá

Í utanverðri Grindavík eru margar hyldjúpar gjáarsprungur með vatni í, sem á yfirborði er að mestu ósalt, og flæðir og fjarar í þeim eins og sjónum. Ein af þessum gjám heitir Silfurgjá, skammt fyrir ofan túngarðinn á Járngerðarstöðum. Í þessari gjá segir sagan að fólgin sé kista full af silfurpeningum. Hafa verið gerðar ýmsar tilraunir til þess að hefja þennan fjársjóð upp, en þær hafa strandað á því að þá er menn hafa náð kistunni upp á gjáarbarminn, þá hefir mönnum sýnst allt Járngerðarstaðarporpið standa í björtu báli og hafa menn því jafnan sleppt kistunni aftur. Síðasta tilraunin sem á að hafa verið gjörð fór á þá leið að þeir slepptu ekki einungis kistunni heldur fylltu gjána upp með mold svo að nú er yfir kistunni grasi gróin brekka.

Þórkatla og Járngerður

Úr þjóðsögum Jóns Árnasonar í IV bindi

Þórkatla bjó á Þórkötlustöðum í Grindavík en Járngerður á Járngerðarstöðum. Báðar voru þær giftar. Einu sinni sem oft var voru karlarnir þeirra báðir á sjó. Nú gerði mikið brim og héldu þeir báðir til lands. Þórkötlu karl fékk gott lag á Þórkötlustaðarsundi og komst af. Þá varð Þórkatla fegin og mælti svo fyrir að á því sundi rétt förnu skyldi aldrei skipt farast ef formann þess brysti hvorki hug né dug og menn vita ekki til að þar hafi farist skip á réttu sundi. Það er að segja frá Járngerðar karli að hann drukknaði á Járngerðarsundi. Þá varð Járngerður afar grimm og mælti svo um að þar skyldu síðan farast tuttugu skip á réttu sundi. Segja menn að nú sé fyrir víst nítján drukknuð en þá er eitt eftir og má búast við að það farist þá og þá. Á götu þeirri sem til skips er gengin frá Járngerðarstöðum er leiði Járngerðar, nál, einn faðmur á breidd, þrír á lengd til vesturs og er austurendinn hærri. Ganga sjómenn oft yfir það.

(Þjóðsögur frá Grindavík, tekið saman 1998 af kennara í Grindavík).

